

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og 10. gr. reglugerðar nr. 737/2003, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 575/2013 um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi. Gjöldin innheimtast með álögðum fasteignagjöldum ár hvert.

2. gr.

Sorphirðugjald.

Sorphirðugjald er lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsett af kostnaði vegna grátunnu og blátunnu. Sorptunnur eru staðsettar þar sem því er við komið, við hús eða stærri tunnur í ákveðnum íbúðarhverfum þar sem fleiri en ein íbúð sameinast um tunnuna. Sveitarfélagið sér um sorphirðu frá íbúðum. Heimilt er atvinnurekendum að semja sérstaklega við verktaka hreppsins um losun á iðnaðarúrgangi skv. ákveðnu skipulagi sem verktaki og forsvarsmenn sveitarfélagsins móta.

| | | | |
|-----------------|------------|------------|-----------|
| Sorphirðugjöld: | Íbúðarhús: | Grátunna | Blátunna |
| | | kr. 15.000 | kr. 6.900 |

3. gr.

Sorpeyðingargjald.

Sorpeyðingargjald er lagt á hverja íbúð, sumarbústað og atvinnuhúsnæði í sveitarfélaginu.

| | | |
|--------------------|----------------|------------|
| Sorpeyðingargjöld: | Íbúðarhúsnæði | kr. 21.500 |
| | Sumarbústaðir | kr. 19.100 |
| | Atvinnuhúsnæði | kr. 49.100 |

Sérstakt aukasorpgjald er innheimt vegna gá mavalla, grófurðunar og endurvinnslu. Kostnaði vegna gá mavalla er jafnað niður á atvinnurekendur í sveitarfélaginu skv. magntölum frá verktaka sorphirðu og gámasvæðis. Aukasorpgjaldið er í eftirfarandi flokkum eftir magni sem kemur frá hverjum atvinnurekenda:

| | |
|------------|-------------|
| a. flokkur | kr. 37.500 |
| b. flokkur | kr. 74.700 |
| c. flokkur | kr. 111.900 |
| d. flokkur | kr. 186.200 |
| e. flokkur | kr. 247.800 |
| f. flokkur | kr. 372.600 |
| g. flokkur | kr. 498.000 |
| h. flokkur | kr. 622.600 |
| i. flokkur | kr. 747.100 |

4. gr.

Leiga á sorpillátum.

Hrunamannahreppi er heimilt að leigja til bændabýla og fyrirækja ílát fyrir blátunnu eða heila gáma fyrir heyplast, pappír eða almennan fyrirtækjaúrgang. Hrunamannahreppur sér um að koma ílátunum til notenda. Innifalið í leigu blátunnukara er losun þeirra á reglulegum dögum blátunnuhirðingar ef starfsemin er á sama hirðingarstað og blátunnur við íbúðarhús. Leigutakar þurfa sjálfir að sjá um tæmingu íláta eða semja um það sérstaklega við verktaka hreppsins ef um heila gáma er að ræða.

| | | |
|-----------------------|-----|-----------------|
| 660 l blátunnukar: | kr. | 1.550 á mánuði |
| 1.100 l blátunnukar: | kr. | 2.600 á mánuði |
| Meðalstór gámur: | kr. | 12.300 á mánuði |
| Gámur fyrir heyplast: | kr. | 61.600 á ári |

5. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af umhverfisnefnd Hrunamannahrepps 22. október 2017 og sveitarstjórn Hrunamannahrepps 2. nóvember 2017 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands 15. desember 2017. Gjaldskráin tekur gildi frá og með birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi nr. 1178/2016.

Hrunamannahreppi, 15. desember 2017.

Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 3. janúar 2018